



Fræðslufyrirlestur Íslenskrar ættleiðingar Í leit að uppruna – undirbúningurinn, ferðin og upplifunin.

Fræðslufyrirlestur maímánaðar verður að þessu sinni tvöfaldur og verður haldinn í hátíðarsal Tækniskólans (Gamla Sjómannaskólanum - Háteigsvegi) þann **25. og 26. maí** klukkan 14:00.

Lisa Kanebäck og Sebastian Johansson eru vinir sem bæði voru ættleidd frá Kolkata á Indlandi til Svíþjóðar. Þau fóru í upprunaferð á síðasta ári og unnu sem sjálfboðaliðar á barnaheimilunum sem þau voru ættleidd frá í nokkra mánuði.

Góðir Íslendingar, æskulýðsfélag ættleiddra

Laugardagur 25.maí – kl: 14:00

Frítt er á fyrirlesturinn

Skráning á isadopt@isadopt.is

Lisa og Sebastian segja frá vangaveltum um uppruna sinn, skipulagningu ferðalagsins og því sem þau upplifðu í Kolkata. Fyrirlesturinn er sérstaklega fyrir ættleidd ungmenni og skiptir ekki máli hvaðan þau eru ættleidd. **Ekki er gert ráð fyrir foreldrum á þennan fyrirlestur.**

Með þessum viðburði vonast félagið til að geta hafið metnaðarfullt starf fyrir börn/fullorðna sem hafa verið ættleiddir með milligöngu Íslenskrar ættleiðingar. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

Foreldrar ættleiddra barna

Sunnudagur 26.maí – kl. 14

Frítt inn fyrir félagsmenn – kr. 1000 fyrir utanfélagsmenn

Skráning á isadopt@isadopt.is

Hér segja Lisa og Sebastian frá vangaveltum um uppruna sinn, hvernig þau ræddu við foreldra sína og hvernig þau upplifðu samband sitt og foreldra sinna í leitinni að uppruna sínum. Þau segja frá ferðalaginu og upplifun sinni á Indlandi. Fyrirlesturinn fer fram á ensku.

